

Fundargerð skólaráðs Oddeyrarskóla 14. desember 2012

Á fundinn mættu: *Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, María Aðalsteinsdóttir, Marína Sigurgeirsdóttir, Sara Hlín, Snorri Björnsson og Sólveig Styrmsdóttir.*

Dagskrá:

1. **Íþróttaskóli á Akureyri, samfella í skóla og íþróttastarfi barna.**
2. **Umræða um sýn og stefnu Oddeyrarskóla, kynning á stefnumótunarstarfi sem nú fer fram innan skólans.**
3. **Önnur mál.**

-
1. **Íþróttaskóli á Akureyri, samfella í skóla og íþróttastarfi barna:** Kristín skólastjóri sagði frá erindi frá foreldri við skólann sem býður fram krafta sína við að vinna að samfellu í skóla og íþróttastarfi, máli sínu til skýringar vísar umrætt foreldri í samantekt, *um gildi samfellu í skóla og íþróttastarfi barna*, eftir Viðar Sigurjónsson sem er sviðsstjóri fræðsluviðs ÍSÍ.
Kristín greindi einnig frá því að hjá Skóladeild Akureyjarbæjar væri verkefnisstjóri sem væri að undirbúa svipað verkefni sem stefnt væri að að prófa á næsta skólaári 2013-2014 fyrir 1. og 2. bekk. Þá ætti að bjóða upp á í tengslum við vistun starf sem biði upp á list- og verkgreinar og íþróttaskóla.
Lagði Kristín til að hún setti foreldrið í samband við *Sólveigu Jónasdóttur* verkefnastjóra hjá skóladeild Akureyrar. Þessi tillaga samþykkt og fundarmenn samþykkir mikilvægi þess að vinna að samfelldum skóla- og tómstundadegi fyrir yngri börnin og ákjósanlegt að Oddeyrarskóli yrði þar í fararbroddi.

2. Umræða um sýn og stefnu Oddeyrarskóla, kynning á stefnumótunarstarfi sem nú fer fram innan skólans: Kristín sagði frá vinnu innan starfsmannahópsins við sýn og stefnu Oddeyrarskóla. Unnið er út frá gildunum **Ábyrgð – Virðing – Vinátta.**

Stefnumótunarvinnunni er skipt í þrjá kafla, þ.e. Hvaða sýn viljum við setja okkur út frá gildunum? Hvaða leiðir eru að þessum markmiðum og viðmið.

Kristín, María og Sólveig sögðu frá þessari vinnu og um þetta spunnust nokkrar umræður, m.a. um möguleikann á að tengja skólastarfið við atvinnulífið. Bent var á hve mörg stór og öflug fyrirtæki eru starfandi í hverfinu, möguleikann á að fá foreldra til að kynna starfsstéttir og vinnustaði.

María sagði frá því að síðast liðið vor fóru nemendur ekki í starfskynningar í fyrirtækin vegna þess hve nemendur hefðu lítinn skilning á markmiðum starfskynninga. Mikið rætt um mikilvægi starfskynninga og hvernig mætti sem best undirbúa nemendur og vinnustaði til að sinna þessu mikilvæga starfi.

3. Önnur mál voru engin.

Næsti fundur verður um miðjan janúar 2013, tími ákveðinn síðar.

Fundi slitið

Marína Sigurgeirsdóttir